

Reykjavík, 31. maí 2022

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðapjónustunnar um frumvarp til breytingar á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018, lenging lánstíma, mál 587.

Hinn 1. apríl 2022 lagði menningar- og viðskiptaráðherra fram á Alþingi frumvarp til breytingar á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018. Frumvarpið gekk til atvinnuveganefndar 24. maí sl. og með tölvupósti 25. maí sl. óskaði nefndin eftir því að SAF veitti nefndinni umsögn um frumvarpið. SAF hafa yfirfarið frumvarpið á sínum vettvangi og vilja koma eftirfarandi á framfæri:

Ferðaskrifstofur þurfa aukið svigrúm

SAF gera ekki almennar athugasemdir við efni frumvarpsins. Samtökin hvetja eindregið til þess að það verði samþykkt og þar með að lánstími lána frá Ferðaábyrgðasjóði verði framlengdur í tíu ár.

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð frumvarpsins því ferðaskrifstofur þurfa aukið svigrúm til að endurgreiða þau lán sem þeim var veitt til að endurgreiða neytendum vegna pakkaferða sem var aflýst eða voru afbókaðar vegna óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna sem sköpuðust í upphafi kórónuveirufaraldursins. Í upphafi voru lánin veitt til sex ára. Þegar þessi sex ára tími var ákveðinn þá leit út fyrir að kórónuveirufaraldurinn myndi ekki hafa þau langtíma áhrif sem hann svo hafði. Að því sögðu þá telja samtökin það nauðsynlegt að lengja í afborgunartímanum vegna þess að viðspyrna ferðapjónustunnar hefur orðið hægari eins og vonir stóðu til og óvissuástandið varið lengur.

Óbreytt löggjöf gæti leitt til neikvæðra áhrifa

Frumvarpið mun létt á greiðslubyrðni lántakenda og styðja við nauðsynlega viðspyrnu ferðapjónustunnar. Ferðamálastofa hefur bent á að auki dreifing afborgana mun koma lántakendum til góða enda hefur langstærsti hluti þeirra nýtt sér frestun afborgana. Óbreytt löggjöf gæti því hægt á nauðsynlegri viðspyrnu ferðapjónustunnar og komið í veg fyrir að margar ferðaskrifstofur nái fótfestu. Myndi það leiða til neikvæðra áhrifa á ferðatryggingarsjóð og hægja á nauðsynlegri viðspyrnu ferðapjónustunnar.

Samtökin leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt,



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar